

Sókn til nýrrar aldar

Stefnumótun Aftureldingar 2010-2015



UMFA



1909-2009

Umsjón:
Netspor ehf.
maí 2010



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Efnisyfirlit

Framtíðarsýn Aftureldingar 2015.....	4
Inngangur	5
Samantekt	6
Stöðugreining.....	7
Mannauður - félagsauður	7
Æfinga- og keppnisaðstaða	8
Skrifstofu-, fundar- og félagsaðstaða.....	8
Fjármál	9
Staðan hjá deildum félagsins	9
Badmintondeild.....	9
Fimleikadeild	10
Frjálsíþróttadeild.....	10
Íþróttafjórið.....	10
Handknattleiksdeild	11
Karatedeild.....	11
Knattspyrnudeild.....	11
Körfuknattleiksdeild	12
Sportklúbburinn	12
Sunddeild	12
Taekwondodeild.....	12
Félagsstarf.....	13
Stefna, markmið og leiðir til árangurs	14
Uppeldisstefna	14
Lýðheilsustefna	15



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Afreks- og keppnisstefna	15
Félagsstefna	15
Uppbygging íþróttar- og félagsstarfs hjá Aftureldingu:	16
Rekstur og stjórnun	18
Aðstaða og mannvirki:	19
Lokaorð	20
Viðaukar:	21
Viðauki 1. Yfirlýsing Mosfellsbæjar og Aftureldingar á 100 ára afmæli félagsins	21



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Framtíðarsýn Aftureldingar 2015

Afturelding hefur lýðheilsu allra aldurshópa í Mosfellsbæ að leiðarljósi með því að hvetja til og standa fyrir heilbrigðri afþreyingu í formi íþróttar og hreyfingar ásamt því að glæða daglegt líf íbúa í sveitarfélaginu uppbyggilegu og heilbrigðu félagsstarfi.

Umgjörð félagsins byggir á öflugri félagsstefnu sem styður við uppeldis- og lýðheilsustefnu annars vegar og metnaðarfulla afreks- og keppnistefnu hins vegar.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Inngangur

Ungmennafélagið Afturelding varð 100 ára á árinu 2009. Á þessum tímamótum er vert að líta um öxl og skoða það sem vel er gert og horfa síðan fram á veginn á þau tækifæri og áskoranir, sem bíða þessu merka félagi, sem gegnir mikilvægu hlutverki í vexti og þroska ungra Mosfellinga og samfélagsins alls í Mosfellsbæ.

Afturelding og Mosfellsbær gerðu í tilefni 100 ára afmælis félagsins með sér sameiginlega yfirlýsingu um vilja og væntingar sveitarfélagsins til íþróttafélagsins og öfugt. Þessi yfirlýsing er stefnumótandi fyrir samstarf þessara aðila og er hana að finna í viðauka við plagg þetta.

Afturelding hefur á síðustu misserum unnið að sinni stefnumótunarvinnu, sem hefur þann tilgang að greina stöðu félagsins og möguleika og leggja meginlínurnar í starfsemi félagsins og hlutverk þess í samfélaginu til næstu ára. Þetta plagg er afrakstur þessarar stefnumótunarvinnu, sem fjöldi félagsmanna, starfsmanna, iðkenda, stjórnarmanna félagsins og deilda auk ýmissa annarra hagsmunaaðila hefur tekið þátt í undir stjórn Sævars Kristinssonar, ráðgjafa hjá Netspori og varaformanns stjórnar Aftureldingar.

Aðalstjórn Aftureldingar færir öllum þeim, sem lagt hafa hönd á plóginn þakkir fyrir sitt framlag til þessarar vinnu, sem gerir þetta plagg að veruleika.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Samantekt

Stefnumótun Aftureldingar fyrir árin 2010-2015 er ætlað að vera leiðarljós félagsins í starfi þess næstu árin og skerpa línurnar í áherslum félagsins og samskiptum þess við samfélagið.

Helstu áherslurnar í stefnumótun Aftureldingar felast í fjórbættri stefnu félagsins. Umgjörðin myndast af **félagsstefnu**, grunnur starfsins er **uppeldisstefna**, yfirbyggingin **afreks- og keppnisstefna** og leiðarljósið **lýðheilsustefna**, en hún gengur í grunninn út á að tryggja öllum Mosfellungum heilbrigða afþreyingu og félagsstarf frá vöggju til grafar.

Vegna vaxandi faglegra krafna til félagsins og aukins hlutverks þess í samfélaginu er nauðsynlegt að íþróttafulltrúi verði ráðinn sem fyrst til starfa.

Mikilvægt er að bæta sem fyrst félags- og skrifstofuaðstöðu Aftureldingar.

Efla þarf Aftureldingarhjartað meðal bæjarbúa og gera félagið enn sýnilegra í samfélaginu, til dæmis með merkingu íþróttamannvirkja bæjarins með merkjum félagsins.

Afturelding gegnir mikilvægri samfélagsþjónustu í Mosfellsbæ eins og skýrt kemur fram í viljayfirlýsingunni í tilefni 100 ára afmælis félagsins. Þetta hlutverk þarf að festa enn frekar í sessi og leggja áherslu á að efla félags- og sjálfbóðaliðastarfið þannig að unnt verði að viðhalda og efla starf félagsins á erfiðum tímum í samfélaginu.

Með stefnumótun þessari er leitast við að festa í sessi markmið og leiðir til frekari eflingar og uppbyggingar félagsins, bæði sem almenningsíþróttafélags og sem vettvangi afreks- og keppnisíþróttar í Mosfellsbæ.




Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Stöðugreining

Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 11. apríl 1909. Í upphafi árs 2010 telur félagið um 3.800 félagsmenn. Um 1.500 iðkendur æfa og keppa á vegum félagsins í 10 deildum. Þar af eru 1.250 yngri en 16 ára. Innan félagsins eru einnig starfræktur íþróttaskóli fyrir 2-5 ára börn, Íþróttafjör í tengslum við frístundasæl skólanna fyrir 6-8 ára börn og Sportklúbbur Aftureldingar og Bólsins fyrir 14-15 ára unglinga.

Mynd 1 sýnir fjölda iðkenda í Aftureldingu undir 16 ára samanborið við fjölda íbúa á sama aldri. Hlutfallið er nú um 56% í þessum aldursflokki og fer hæst í 76% hjá 10 ára börnum, um 50% hjá 12-15 ára og alveg niður í 15% eftir það.



Mynd 1. Iðkendur Aftureldingar sem hlutfall íbúa í Mosfellsbæ 16 ára og yngri.

Mannauður - félagsauður

Félagið tekur hlutverk sitt í samfélaginu í Mosfellsbæ alvarlega og stefnir inn í nýja öld sterkt og öflugt sem aldrei fyrr; þó ekki af efnislegum auði, heldur félagsauði, sem samanstendur af krafti sjálfbóðaliða félagsins, aðstöðu þeirri, sem Mosfellsbær treystir félaginu fyrir, og vinnuferlum og kerfum, sem starfið byggist á.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Starfsmenn aðalstjórnar eru tveir, framkvæmdastjóri og bókarí, samtals í 1,7 starfsgildi. Enginn íþróttafulltrúi/íþróttastjóri starfar hjá félaginu og er þörfin orðin mikil á að manna þetta starf.

Um 40 þjálfarar og aðrir starfsmenn starfa innan deilda félagsins. Hátt í 100 sjálfboðaliðar starfa fyrir Aftureldingu í stjórnnum og nefndum auk fjölda annarra, sem taka að sér ýmis verkefni til skamms og langs tíma. Félagið á lögheimili í Mosfellsbæ og er aðsetur þess í íþróttamiðstöðinni að Varmá.

Æfinga- og keppnisaðstaða

Afturelding á engar fasteignir en sveitarfélagið sér félaginu fyrir aðstöðu. Æfinga- og keppnisaðstaða er í íþróttamiðstöðinni að Varmá, í íþróttamiðstöðinni Lágafelli og á Tungubökkum. Að Varmá eru þrír íþróttasalir, sjálfsvarnaríþróttasalur, knattspyrnuvöllur í fullri stærð, gervigrasvöllur í fullri stærð, 7 manna gervigrasvöllur, hlaupabraut og útisundlaug með heitum potti auk búningaáðstöðu. Að Varmá og einnig í Lágafelli eru íþróttasalir, inni- og útisundlaugar, heitir pottar, gufa og búningaáðstaða. Á Tungubökkum eru grasvellir og búningaáðstaða. Að Varmá er líkamsræktaraðstaða þar sem afreksfólk í félaginu hefur aðstöðu til þrek- og styrktarþjálfunar. Fimleikar, frjálsar íþróttir og knattspyrna sækja æfingar að hluta til utan bæjarfélagsins vegna vöntunar á sérhæfðri aðstöðu fyrir afreksfólk.

Ekkert íþróttamannvirki í Mosfellsbæ er merkt Aftureldingu með skilti eða á annan hátt. Félagið á því ekki skilgreint heimili á sama hátt og algengt er með íþróttafélög, en lítur þó almennt á Varmá sem sitt heimili.

Skrifstofu-, fundar- og félagsaðstaða

Félagsaðstaða Aftureldingar er af skornum skammti og brýnt að gera á henni bragarbætur, sem leysa bráðþörf fyrir skrifstofuaðstöðu og daglega félagsstarfsemi á meðan bið er á framkvæmdum við nýbyggingu á Varmá.

Skrifstofa félagsins er í u.þ.b. 15 m² herbergi að Varmá. Fundaraðstaða er í gluggalausum rými á búningasklefangangi, í Vallarhúsi og í færanlegri skólastofu á lóðinni. Stofan rúmar um 50 manns í sæti, hin rýmin eru minni og því eiginleg félagsaðstaða nær engin. Stærri fundir og uppákomur eru haldnir í söllum víðsvegar um bæinn.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Fjármál

Helstu tekjur Aftureldingar eru framlög skv. samstarfssamningum við Mosfellsbæ, æfingagjöld iðkenda, lottótekjur, styrkir frá fyrirtækjum og auglýsingatekjur. Hver deild hefur sér rekstur og fjárhag og hefur yfirleitt gengið nokkuð vel að halda rekstri réttum megin við núllið. Engin deild er fjárhagslega sterk og félagið ekki heldur, enda er reksturinn ávallt miðaður við núllrekstur. Æskilegt væri þó að byggðir verði upp varasjóðir til þess að mæta áföllum, sem koma alltaf upp öðru hverju. Í dag er t.d. unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu knattspyrnudeildar, en neikvætt eigið fé hennar er um 15 mkr. , sem er vegna gamalla skulda og misstórra stuðningsaðila við efnahagshrunið.

Staðan hjá deildum félagsins

Í Aftureldingu eru starfræktar 10 deildir auk íþróttaskóla barna, Íþróttafjörsins og Sportklúbbsins. Eftirfarandi eru samandregnar upplýsingar um stöðu deildanna.

Badmintondeild

Deildin hefur tæplega 50 iðkendur. Aðstaða til æfinga og keppni er ágæt og fjármál deildarinnar hafa verið í góðu lagi. Félagið hefur átt badmintonspilara í fremsta flokki á landsvísu í unglingaflokkum.

Blakdeild

Fjöldi iðkenda eru 32 á aldrinum 9-14 ára (í þremur flokkum). Góður árangur hefur verið af starfinu og hafa flokkarnir verið ýmist Íslandsmeistarar eða unnið silfrið árin 2009-2010. Rekstur deildarinnar hefur verið í járnum. Mikilvægt er að deildin nái að kynna starfsemi sína enn frekar og fjölga þannig iðkendum. Aðstaða til blakiðkunar í Mosfellsbæ er mjög góð og má nefna að deildin stendur nú í maí fyrir öldungablakmóti Blaksambands Íslands í annað sinn, mosöld 2010, sem er einn stærsti íþróttaviðburður á landinu með hátt í 1.000 þátttakendur.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Fimleikadeild

Fjöldi iðkenda er um 156 á aldrinum 4 – 16 ára. Hefur veruleg fækkun (einkum í afreksflokkum) hrjáð deildina af ýmsum árstæðum, en aðstöðuleysi er án vafa meðal þeirra. Fjárhagsleg staða deildarinnar hefur einnig versnað verulega m.a. sökum fækkunar iðkenda. Það þarf að athuga sem allra fyrst hvort mögulegt sé að taka í notkun gryfjuna í sal 2 sem nú er nýtt sem áhaldageymsla. Í hana þarf að kaupa ýmislegt eins og t.d. svampa. Einnig þurfa áhöld að endurnýjast á tveggja fresti. Deildin æfir að hluta hjá Ármanni.

Frjálsíþróttadeild

Deildin telur um 60 iðkendur á aldrinum 9 ára og eldri. Æfingaaðstaða er mjög góð innanhúss en engin aðstaða er hins vegar til keppni innanhúss. Utanhúss er ágætis æfingaraðstaða og sæmileg keppnisaðstaða. Þó er brýnt að huga að viðhaldi Varmárvallar, en þar eru hlaupabrautir og grasvöllur, þannig að hægt er að halda hér stórmót fyrir eldri iðkendur frjálsíþróttar. Áhöld deildarinnar eru komin til ára sinna (t.d. hlaupagrindur, kringlur, spjót, startblokkir o.s.frv.) enda hafa þau verið í notkun frá 1989 og þarfnast aukins viðhalds eða endurnýjunar. Mikil slyshætta hefur myndast vegna aukinnar umferðar á velli og því er orðið nauðsynlegt að skapa vettvang (kastsvæði) fyrir kastara til að stunda sína íþrótt. Fjölgun íbúa og þar með iðkenda hefur einnig orsakað að nú þarf að huga að skiptingu milli íþróttahúsa eftir aldurshópum og þyrfti þá að gera ráð fyrir áhöldum m.t.t. aldurshóps. Fjármál eru í lagi.

Íþróttafjórið

Íþróttafjör 6-8 ára barna, sem rekið er í samstarfi við frístundasel skólanna er nýjung, sem komið var á haustið 2009. Allar deildir tóku þátt í því utan körfubolta og sunds fyrsta veturinn. Þátttakendur í fyrra voru um 240 og þótti þetta átak takast með eindæmum vel enda þótt upp hafi komið ýmsir byrjunarörðugleikar.

Áhersla er lögð á það að íþróttafjórið er viðbót við þjónustu Aftureldingar og hefur fyrst og fremst þann tilgang að hvetja börn til aukinnar hreyfingar og íþróttaiðkunar. Það var því ákveðið að þær greinar, sem telja þörf á auknu þjónustuframboði



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

umfram það sem íþróttafjórið býður upp á, geti bætt við viðbótartímum fyrir þann hóp og þannig tekið eðlilegan þátt í uppeldisstarfi í samræmi við stefnu ÍSÍ og sársambandanna.

Handknattleiksdeild

Iðkendir yngri flokka frá 8-17 ára eru 180. Meistaraflokkur og 2 fl. telja um 40 iðkendir. Mjög góður árangur í yngri flokkum deildarinnar, m.a. 4. og 3. fl. kk eru að keppa í úrslitakeppni efstu liða á Íslandsmótum, ásamt unglingafl. kvenna. Meistaraflokkur sigraði í umspili um sæti í efstudeild og keppir því í henni næsta tímabil. 10 iðkendir voru valdir í afrekshóp félagsins og í landslið. Fjárhagsleg staða deildarinnar er góð. Aðstaða til iðkunar íþróttarinnar er góð, en búninga- og félagsaðstöðu þarf að bæta verulega.

Ábyrg fjármálastjórn, hæfir þjálfarar og ráðning íþróttastjóra félagsins eru að mati forsvarsmanna deildarinnar þeir þættir, sem koma til að móta árangur hennar næstu árin.

Karatedeild

Fjöldi iðkenda er um 53 á aldrinum 4 – 44 en flestir eru á aldrinum 8 – 12 ára. Á árinu 2009 voru bæði íþróttamaður- og kona Aftureldingar iðkendir í karatedeild félagsins og jafnframt í landsliðinu. Deildin hefur ekki nægjanlega góða aðstöðu og væri t.d. æskilegt að hafa stærri æfingasal þar sem væri til staðar löglegur keppnisvöllur en salurinn er of lítill til þess að það sé hægt. Þá þyrfti deildin að eiga betri búnað, fóta- og handahlífar, en það eru töluverð útgjöld fyrir deildina að kaupa slíkar hlífar. Fjármál eru í lagi.

Knattspyrnudeild

Deildin er sú stærsta hjá Aftureldingu og æfa að staðaldri 50 fullorðnir og 350 börn og unglingar undir merkjum deildarinnar. Aðstaða yfir sumarið hefur þótt góð til æfinga en keppnisvöllurinn er hins vegar ekki nægjanlega góður.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Mikið og öflugt starf er hjá knattspyrnudeildinni í þremur einingum; Barna- og unglingaráði auk meistaraflokka karla og kvenna. Fjárhagsleg staða hefur verið slæm einkum eftir efnahagshrunið. Er þar fyrst og fremst rekstur meistaraflokka sem hefur orðið illa úti í fjármálalegu tilliti.

Körfuknattleiksdeild

Körfuknattleiksdeildin er tiltölulega ný deild innan félagsins og eru 11 iðkendur skráðir í hana í einum aldursflokki. Æft er í Lágafelli og er reksturinn í lagi.

Sportklúbburinn

Sportklúbbur Aftureldingar og Bólsins er ný starfsemi, sem sett var á laggirnar árið 2009 og hefur það að markmiði að bjóða unglingum, sem ekki finna sér farveg í keppnisíþróttum uppá skemmtilegt íþrótta- og félagsstarf án áherslu á keppni. Þetta skemmtilega lýðheilsuverkefni hefur gengið mjög vel og eru um 20 iðkendur, sem taka þátt í því. Þess má geta að verkefnið fékk 400 þúsund kr. styrk frá Lýðheilsustofnun árið 2009.

Sunddeild

Fjöldi iðkenda er um 60 og býr deildin við ágæta æfingaraðstöðu í Lágafellslaug. Hins vegar er engin keppnisaðstaða sökum skorts á búnaði. Fjármál deildarinnar hafa verið í lagi og gæti deildin fjölgað iðkendum og hefur skortur á þjálfurum einna helst hamlað frekari stækkun.

Taekwondodeild

Iðkendur eru um 20 og flestir mjög ungir. Æfingaaðstaða er í lagi og er það einkum skortur á geymsluaðstöðu sem hrjáir deildina. Fjármál eru í lagi. Iðkendur hafa náð góðum árangri í keppnum.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Félagsstarf

Félagsstarfið í Aftureldingu er grunnurinn að öllu starfi félagsins. Í hverri deild starfar fjöldi sjálfboðaliða, sem oftast en ekki eru úr hópi foreldra iðkenda, en einnig eru foreldrar fyrrum iðkenda og aðrir áhugasamir aðilar þátttakendur í starfinu.

Ferðir á íþróttamót og fjáraflanir tengdar þeim auk mótahalds eru fyrirferðarmiklir þættir í félagsstarfinu hjá einstökum flokkum og hópum. Það er ekki óalgeng sjón að sjá hóp fjölskyldufólks úr Aftureldingu í tjaldbúðum á íþróttamótum um land allt á sumrin, s.s. unglingalandsmótum UMFÍ, knattspyrnumótum, frjálsíþróttamótum ofl.

Foreldrar, aðstandendur og stuðningsmenn fylgja einnig liðum á keppnir, kappleiki og mót í íþróttamiðstöðinni á Varmá og íþróttamiðstöðvum um allt land allt árið um kring.

Það er ekki ofsögum sagt að dag hvern allt árið um kring taka hundruð manna þátt í félagsstarfi Aftureldingar á einn eða annan hátt.

Fyrir utan íþróttaviðburði eru samkomur og skemmtanir ríkur þáttur í starfi félagsins. Fræðslufundir, kvöldvökur, sem teknar voru upp aftur nú í tilefni 100 ára afmælis félagsins og skemmtanir eru ríkur þáttur í starfinu og hátindur skemmtanastarfsins er hið árlega Þorablót Aftureldingar, sem er orðin ein mesta bæjarhátíð Mosfellsbæjar.

Að öllum öðrum félagsmönnum, stuðningsmönnum og velunnurum ólöstuðum ber starf hinna fjölmörgu sjálfboðaliða félagsins við rekstur deildanna og fjáraflanir af ýmsu tæi hæst. Án þeirra framlags væri ekki unnt að halda uppi svo öflugum íþrótt- og menningarstarfi, sem Afturelding stendur fyrir.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Stefna, markmið og leiðir til árangurs

Eftirfarandi er tilteknir helstu liðir í stefnu félagsins. Meðal helstu breytinga má nefna uppbyggingu starfseminnar sem hér er sett fram í fjórum mismunandi stefnum. Ungmennafélagið Afturelding mun hafa þessi þætti að leiðarljósi í starfi sínu næstu árin, sjá mynd 2:



Mynd 2. Samantekt á stefnu Aftureldingar

Uppeldisstefna

Grunnstarfsemi Aftureldingar er barna- og unglingastarfið. Sérstök áhersla er lögð á að hvetja börn til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar með starfrækslu íþróttaskóla barnanna og íþróttafjörsins í samvinnu við frístundaselin. Þannig er börnum gefinn kostur á að



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

kynnast starfi félagsins og því holla félagslífi, sem íþróttir eru, óháð íþróttagrein. Stefnt er að því að allar deildir félagsins taki þátt í íþróttafjörinu og byggja deildirnar sitt barna- og unglingastarf á grunni þess og í samræmi við stefnu ÍSÍ og sérsambandanna um íþróttir barna og ungmenna.

Lýðheilsustefna

Með lýðheilsustefnu Aftureldingar er leitast eftir því að vekja áhuga sem flestra bæjarbúa á íþróttaiðkun og heilbrigðu lífni án keppnisáherslu. Jafnframt er lögð áhersla á að hvetja sem flesta bæjarbúa til heilsuefningar og hreyfingar meðal annars með starfrækslu Sportklúbbs Aftureldingar fyrir unglinga og virkri þátttöku í eflingu almenningsíþróttar. Stefnt er að því að auka fjölbreytni lýðheilsuverkefna Aftureldingar með starfi fyrir aldraða, fatlaða og með því að opna og kynna fullorðinsíþróttastarfið meira fyrir bæjarbúa.

Afreks- og keppnisstefna

Með afreks- og keppnisstefnu er leitast við að hámarka árangur keppnisíþróttafólks innan Aftureldingar og stækka hóp afreksfólks félagsins. Leitast er við að hafa alla umgjörð um keppni og keppnisfólk sem faglegasta og þjálfar upp samfara afreksfólki framúrskarandi þjálfara, dómara og aðra sem koma að keppnisíþróttum á vegum félagsins.

Félagsstefna

Með félagsstefnu Aftureldingar er unnið með „Aftureldingarhjartað“ hjá félagsmönnum. Þar er áherslan á að hvetja fólk til virkni innan félagsins á hinum ýmsu sviðum. Félagsstarfið er umgjörðin utan um allt starfið, límið, sem heldur félaginu saman.

Allt foreldrastarf, stjórnun deilda og flokka, nefndarstörf og starf aðalstjórnar er hluti af félagsstefnu Aftureldingar. Fræðslustarf, kvöldvökur, skemmtanir og aðrar upptökur eru mikilvægir þættir í félagsstefnu Aftureldingar ásamt því að byggja upp og hlúa að breiðfylkingu stuðningsmanna félagsins, sem eru mikilvægir fyrir



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

keppnisíþróttirnar. Hvað mikilvægast í öllu félagsstarfi Aftureldingar er þó án vafa að styðja við starf hinna fjölmörgu sjálfboðaliða sem bera félagið uppi með óeigingjörnu framlagi af frítíma sínum.

Uppbygging íþrótta- og félagsstarfs hjá Aftureldingu:

Áherslur Aftureldingar í íþrótta- og félagsmálum næstu árin er sem hér segir:

Stefna:

Afturelding stefnir að því að standa fyrir heilbrigðri íþróttastarfsemi, eflingu lýðheilsu og hreyfingar fyrir Mosfelllinga frá vögggu til grafar.

Með því að bjóða börnum uppá að prófa allar helstu íþróttagreinar er stefnt að því að öll börn í Mosfellsbæ velji að gera íþróttir og hreyfingu að lífsstíl.

Afturelding stefnir að því að eiga íþróttafólk og lið í fremstu röð á Íslandi í flestum þeim greinum sem félagið stundar og hefur þess vegna sett sér sérstaka afreksstefnu.

Félagið leggur ríka áherslu á að skapa þeim aðilum, sem ekki sækjast í keppnis- og afreksíþróttir, tækifæri til að iðka íþróttir án keppni ásamt fræðslu og félagsstarfi og stuðla þannig að heilbrigðu líferni allra bæjarbúa og sporna við brottfalli ungmenna úr íþróttastarfi.

Markmið:

1. Að börn og ungmenni á aldrinum 0-20 ára í Mosfellsbæ fái öll tækifæri til þess að kynnast og taka þátt í íþróttum og félagsstarfi Aftureldingar. Fyrir áramót 2011 hafi félagið á sýnilegan hátt boðið þeim og fjölskyldum þeirra að kynnast Aftureldingu.
2. Afturelding verði í hugum ungmenna „fyrsti og besti valkostur“ í félagsstarfi og að þau upplifi starfið sem skemmtilegt og sannan félagsskap. Nýjungar í starfi með börn og ungmenni verði stöðugar.
3. Að hlutfall barna á skólaaldri, sem tekur þátt í íþróttum hjá Aftureldingu verði yfir 80% að 12 ára og að brottfall verði ekki yfir 5% á ári eftir það. Það þýðir að fjöldi iðkenda verði 800 af um 1.000 börnum 6-12 ára og um 1.450 af



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

- 2.100 á aldrinum 6-20 ára (miðað við íbúafjölda í Mosfellsbæ í des. 2009). Markmiði verði náð árið 2012 og þá endurmetið.
4. Að Afturelding eigi lið eða einstaklinga, sem keppa um landsmeistaratitla og eigi héraðsmet og landsmet í sínum flokki á hverju ári, og að innan tímabilsins keppi lið eða einstaklingur á vegum félagsins um landsmeistaratitil á efsta stigi sinnar greinar. Afturelding standi þannig að uppeldi og þjálfun verðugra fulltrúa Íslands á heimsvísu í þeim íþróttum sem félagið keppir í. Að hlutfall Aftureldingar í vali íþróttakarls og íþróttakonnu Mosfellsbæjar endurspegli stærð félagsins. Afrekshópur félagsins vaxi um 10% á ári.
 5. Að yfir helmingur bæjarbúa verði virkir félagsmenn í Aftureldingu og taki þátt í starfi félagsins sem iðkendur, sjálfboðaliðar og stuðningsmenn. Afturelding verði það fyrsta sem upp í hugann kemur þegar íþróttir og Mosfellsbæ ber á góma.

Leiðir - tími:

1. Efla íþróttaskóla barnanna og gera hann að samhangandi forstigi Íþróttafjörsins hjá yngstu bekkjum grunnskóla. Kynna skólann fyrir öllum foreldrum barna á leikskólaaldri í Mosfellsbæ á árinu 2010.
2. Íþróttafjórið verði látið spanna 1. – 4. bekk en samþætting við deildir og val verði aukið í 3. og 4. bekk þannig að börnin velji 1-2 greinar til að æfa. 3. bekkur bætist við 2010 og 4. bekkur 2011.
3. Sportklúbburinn og aðrir valkostir, s.s. félagsmálaskóli verði boðin þeim ungmennum, sem ekki velja keppnisíþróttir.
4. Fylgst verði með brottfalli og leitað skýringa á því. Kannað verði hvort viðkomandi séu virk í öðru íþrótt- og tómstundastarfi eða brottfall sé vegna óæskilegrar þróunar. Verði sett í gang á árinu 2010 og endurmetið árlega eftir það.
5. Afreksráð Aftureldingar hefur tekið til starfa og stendur á bakvið afreksfólk félagsins, með það að markmiði að halda því innan félagsins og bæta aðstöðu og hæfni þess. Jafnframt er stefnt að samstarfi við FMOS um afreks- og íþróttabrautir í Mosfellsbæ með sama markmiði.
6. Afturelding standi fyrir markvissri kynningu á starfi félagsins, m.a. með kvöldvökunum, þorablótinu, þátttöku í viðburðum, s.s. bæjarhátíðum ofl. Einnig verði kannaður grundvöllur fyrir því að halda árlegan Aftureldingardag til kynningar á starfsemi félagsins. Er í gangi að mestu. Auka kynningu á árinu



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

2010, m.a. að koma sögu Aftureldingar - DAGRENNINGU í almenna sölu/dreifingu.

Rekstur og stjórnun

Helstu áherslur félagsins í stjórnun og rekstri eru sem hér segir:

Stefna:

Afturelding stefnir að því að rekstur félagsins og allra deilda verði heilbrigður og með jákvæða niðurstöðu frá ári til árs. Eigið fé allra deilda og félagsins verði jákvætt og byggt upp til þess að mæta áföllum. Lántökur og vaxtagreiðslur verði aflagðar eftir því sem frekast er kostur.

Íþróttastarfi á vegum félagsins verði stýrt og sinnt af fagmönnum með viðeigandi menntun þannig að það standist samanburð við aðrar stofnanir samfélagsins og geti vaxið sem hluti af þjónustuneti samfélagsins.

Formlegt samstarf við skólastofnanir, Bólið, líkamsræktarstöðvarnar og fl. verði eflt.

Markmið:

1. Að Afturelding standi fjárhagslega og félagslega á sterkum fótum og fagmennska verði höfð í fyrirrúmi. Þannig verði allar deildir og félagið sjálft rekið með hagnaði með jákvætt eigið fé fyrir árið 2012. Deildirnar standist áfram kröfur um fyrirmyndarfélög ÍSí.
2. Að barna- og unglingastarfi allra deilda verði tryggður rekstrargrundvöllur á grundvelli iðkendagjalda og framlaga sveitarfélagsins án þess að til þurfi að koma stórfelldar fjáraflanir eða styrktarsamningar við fyrirtæki.
3. Öll starfsemi og stjórnun félagsins verði byggð upp með faglegum hætti.

Leiðir - tími:

1. Fjármálastjórn færir í auknum mæli af hendi sjálfboðaliða yfir á skrifstofu félagsins. Aðalstjórn verði heimilað að byggja upp varasjóð með allt að 10% af framlögum Mosfellsbæjar tímabundið og grípa fyrir inn í ef frávik verða í rekstri deilda. Stjórnir deilda bera þó áfram ábyrgð á rekstri og fjármálum



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

- deildanna í samræmi við lög og reglur félagsins. Verði lokið að taka þessi vinnubrögð upp árið 2010.
2. Í nýjum rekstrarsamningi við Mosfellsbæ, sem taka mun gildi 1. janúar 2011 verði lögð áhersla á að tryggja grunnrekstur félagsins, skrifstofu, starf íþróttastjóra Aftureldingar og barna- og unglingastarfið án þess að til þurfi að koma stórfelldar fjáraflanir eða styrktarsamningar við einstaklinga og fyrirtæki.
 3. Með því að setja félaginu siðareglur og stofna siðanefnd er leitast við að tryggja fagleg, heiðarleg og einsleit vinnubrögð í samskiptum starfsmanna og sjálfboðaliða við iðkendur félagsins og koma á formlegum farvegi til þess að taka á frávikum, sem upp kunna að koma. Siðanefnd var kosin á aðalfundi 2010 og sett reglugerð um siðareglur og siðanefnd.

Aðstaða og mannvirki:

Helstu áherslur í aðstöðu- og mannvirkjamálum verði sem hér segir:

Stefna:

Afturelding stefnir að því í samvinnu við Mosfellsbæ að bjóða iðkendum sínum bestu aðstæður til íþróttaiðkunar og félagsstarfs sem völ er á eftir því sem geta og áherslur sveitarfélagsins leyfa og forgangsröðun félagsins kallar á.

Stefnt er að því að efla samstarfið við sveitarfélagið varðandi nýtingu íþróttamannvirkjanna, þannig að tryggt verði að aðstaðan sé sem best nýtt hverju sinni í þágu iðkenda, markmiða félagsins og vilja sveitarfélagsins.

Félagsaðstaðan verður áfram forgangsverkefni félagsins í uppbyggingu nýrra mannvirkja, en þörfin fyrir mannvirki og skipulag verður í stöðugri endurnýjun og lögð áhersla á að félagið taki virkan þátt í skipulagsvinnu og forgangsöðun fjárfestinga.

Markmið:

1. Að aðstaða og mannvirki sem Afturelding hafi til umráða standist þær kröfur, sem gerðar eru til nútíma fjölgreinaíþróttafélaga um leið og skynsamlega verði staðið að uppbyggingunni eftir getu og vilja Mosfellsbæjar.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

2. Að Afturelding verði virkari aðili í daglegum rekstri og nýtingu íþróttamannvirkja bæjarins á Varmá og Lágafelli og að tryggð verði sem mest og best nýting þeirra í þágu markmiða Aftureldingar um lýðheilsu. Jafnframt verði þau hluti af ásýnd og markaðssetningu félagsins og eflingu „Aftureldingarhjartans“.

Leiðir - tími:

1. Strax verði ráðist í það að bæta félags- og skrifstofuaðstöðu félagsins í samstarfi við bæjaryfirvöld.
2. Unnið verði að því í sumar og haust 2010 að endurskoða nýtingu íþróttamannvirkja bæjarins í samvinnu við íþrótt- og tómstundanefnd Mosfellsbæjar.
3. Sóst verði eftir því strax að láta merkja íþróttamannvirkin að Varmá og Lágafelli með merkjum Aftureldingar og gera þannig ásýnd félagsins og merki sýnilegri bæjarbúum og gestum. Jafnframt verði kannaður möguleiki á því að einkennisfatnaður starfsmanna íþróttahússanna verði Aftureldingarbúningurinn.

Lokaorð

Það er von stjórnar Ungmennafélagsins Aftureldingar að stefnumótun þessi megi nýtast félaginu í þeirri vegferð sinni að efla íþróttastarf í Mosfellsbæ enn frekar og að þau orð verði sönn að Mosfellsbær verði einn fremsti íþrótt- og útivistarbær landsins.

Stefnt er að því að endurskoða þessa stefnumótun á tveggja ára fresti.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Viðaukar:

Viðauki 1. Yfirlýsing Mosfellsbæjar og Aftureldingar á 100 ára afmæli félagsins

Það var stórhuga hugsjónafólk sem stofnaði Ungmennafélagið Aftureldingu í Mosfellssveit fyrir hundrað árum. Hugsjónafólk, sem gerði sér grein fyrir þeim jákvæðu áhrifum sem ungmennafélag gæti haft á sveitarfélagið sitt. Meðal markmiða félagsins, sem sett voru fyrir hundrað árum, var að auka samhug og samheldni, með áherslu á slagorðið “Íslandi allt”.

Vafalaust er síst minni þörf á því að leggja rækt við þau markmið nú á tímum en fyrir rétttri öld og þau tala án efa sterkar til okkar í dag en þau hafa gert í langan tíma og munu gera bæði í næstu framtíð og fjarlægari framtíð.

Þó svo að áherslur í starfi Aftureldingar hafi breyst í tímanna rás er hið veigamikla hlutverk ungmennafélagsins í menningu og samfélagi Mosfellinga í 100 ár algerlega óumdeilt. Afturelding hefur mótað sjálfsmynd Mosfellinga með fyrirmyndum og fyrirmyndarstarfi. Félagið er jafnframt í dag hornsteinninn í forvarnar- og æskulýðsstarfi á tímum hraða, umbreytinga og áreitis.

Gildi Mosfellsbæjar voru sett fram á síðasta ári og eru virðing, jákvæði, framsækni og umhyggja. Þá var hlutverk Mosfellsbæjar jafnframt skilgreint með eftirfarandi hætti: “Mosfellsbær – framsækið samfélag sem ræktar vilja og virðingu.” Þessar hugmyndir eru í miklum samhljómi við markmið Aftureldingar sem eru auk þess að auka samhug og samheldni, að “vekja frjálsar og göfgandi skoðanir og veita félagsmönnum heilbriggt og þroskandi viðfangsefni í tómstundum þeirra”.

Það er engin tilviljun að markmið ungmennafélagsins og gildi sveitarfélagsins kallist á með þessum hætti því saga Ungmennafélagsins Aftureldingar og Mosfellsbæjar er nánast samtvinnuð, svo ríkan sess hefur félagið skipað í sögu og menningu



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Mosfellssveitar og síðar Mosfellsbæjar. Það er einlægur vilji Mosfellsbæjar sem og Aftureldingar að þessi mikla og góða samleið megi eflast og dafna enn frekar næstu hundrað árin.

Mosfellsbær er stoltur af þeirri þjónustu sem börn og fjölskyldur njóta í bæjarfélaginu og leggur meðal annars áherslu á samfellu í skóladegi í samvinnu við íþrótt- og tómstundafélög á borð við Aftureldingu. Ungmennafélagið hefur reynst öflugur bakhjarl í þeirri samfélagsþjónustu að innleiða mosfellskum börnum og ungmennum heilbrigða lífshætti og jákvætt viðhorf líkt og Mosfellsbær leggur ríka áherslu á.

Því lýsir Mosfellsbær yfir vilja til þess að tryggt verði nægilegt svæði á skipulagi til uppbyggingar íþrótt- og tómstundaaðstöðu í Mosfellsbæ og stuðla enn frekar að uppbyggingu íþróttamannvirkja á næstu árum og áratugum og skapa þannig öfluga umgjörð um það öfluga og mikilsverða starf sem fram fer innan ungmennafélagsins og bæta þannig um leið þjónustu við börn og ungmenntu sem og aðra íþróttaiðkendur í Mosfellsbæ.

Ungmennafélagið Afturelding lýsir að sama skapi yfir vilja til þess að glæða þá umgjörð uppbyggilegu lífi barna og fullorðinna – í jákvæðu starfi og með ástund heilbrigðra íþrótt- og tómstunda, bænum til sóma og einstaklingunum til framdráttar. Félagið stefnir þannig að því að vera í fremstu röð sambærilegra íþróttafélaga á Íslandi.

Mosfellsbær og Ungmennafélagið Afturelding munu vinna markvisst að því að treysta umgjörðina utan um hið fjölbreytta og umfangsmikla starf, sem fram fer á vegum félagsins og að fyrirkomulag fjárstuðnings Mosfellsbæjar til Aftureldingar verði endurskoðað í ljósi þess að efla megi hið faglega innra starf félagsins og færa til þess horfs, sem krafa samtíðar gerir um umfang slíks starfs í þágu samfélagsins.



Stefnumótun Aftureldingar 2010 - 2015

Afturelding lýsir því ennfremur yfir vilja til þess að leggja sitt af mörkum til þess að efla enn frekar hið jákvæða og framsækna starf sem fram fer í þágu barna og ungmenna innan félagsins með það fyrir augum að efla virðingu, umhyggju og að ná þeim markmiðum sem félagið setti sér fyrir hundrað árum, að efla samhug og samheldni, vekja frjálsar og göfgandi skoðanir og veita félagsmönnum heilbrigt og þroskandi viðfangsefni í tómstundum þeirra.

Ísland stendur á tímamótum og Mosfellsbær býr sig undir margbrotin verkefni framtíðarinnar. Því er það fagnaðarefni að í tilefni að 100 ára afmæli sínu lýsi Ungmennafélagið Afturelding yfir vilja til að axla enn frekari samfélagslega ábyrgð fyrir sveitarfélagið og samfélagið allt. Þá ábyrgð er Mosfellsbær reiðubúinn til þess að fela félaginu og skapa því skilyrði til þess í formi aðstöðu, fjárframlaga og faglegs samstarfs.

